

**Sp.**

**96. Fyrirspurn**

[95. mál]

til utanríkisráðherra um framlög til þróunarsamvinnu og hjálparstarfs.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Hvernig miðar framkvæmd á samþykkt Alþingis frá 28. maí 1985 um að auka framlög til þróunarsamvinnu í áföngum?
2. Hvert verður hlutfall þróunaraðstoðar af áætlaðri þjóðarframleiðslu á næsta ári miðað við tölur í fyrirbyggjandi fjárlagafrumvarpi?
3. Hvar hefur Ísland verið í röð ríkja OECD s.l. 10 ár hvað varðar þjóðarframleiðslu á mann, hver hefur þjóðarframleiðslan verið í bandaríkjadölum annars vegar og íslenskum krónum hins vegar á verðlagi hvers árs?
4. Hvaða upphæð hefur verið ráðstafað til þessa málaflokks s.l. 10 ár að árinu 1986 meðtöldu og hvaða hlutfall eru umræddar upphæðir af þjóðarframleiðslunni eins og hún varð eða er áætluð viðkomandi ár?
5. Hverju sætir að framlags Íslands til þróunaraðstoðar er ekki getið í skýrslum OECD og hvernig er aðild okkar að samstarfi OECD-ríkja um hjálpar- og þróunarstarf háttáð?
6. Hvaða 10 lönd hafa s.l. 10 ár ráðstafað hæsta hlutfalli þjóðarframleiðslu til þróunaraðstoðar og hver hefur þjóðarframleiðslan í viðkomandi löndum verið á mann í bandaríkjadölum á verðlagi hvers árs?

Skriflegt svar óskast.